Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar

**Kennsluáætlun**

# Smíði í 1. bekk

Í smíði eru fjórar kennslustundir á viku fjórðung úr vetri í 1. bekk. Kennari er Katrín Lea Hjálmarsdóttir.

## Vinnulag

Nemendur byrja á að vinna skilduverkefni eftir það fá nemendur þjálfun í að vinna hugmynd sína, koma henni frá sér í formi skissu eða vinnuteikningar sem svo er smíðað eftir. Þannig fá nemendur þjálfun í að fylgja hugmyndum sínum eftir allt frá hugmynd að lokaafurð.

Meginviðfangsefni skólaársins eru að nemendur læri örugga meðferð verkfæra og góða umgengni í smíðastofunni; góða líkamsbeitingu við vinnu; notkun á viðeigandi verkfærum.

## Vinnuáætlun

| Viðfangsefni | Námsefni/gögn | Hæfniviðmið – notuð við námsmat | Afurð / Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Handkverksþættir** | Efni frá kennara og hugmyndir af veraldarvefnum.<br>Ýmis handverkfæri, laufsög, sandpappír, spónaplötur, blöð, ritföng, trélitir og akrílmálning, MDF viður, krossviður, greinar.<br>Nemendur kynnast hugmyndavinnu, skissuteikningum og mála. | **Nemandi getur ...**<br>• Þjálfist í handverkfærum, s.s. laufsög, þjöl, sandpappír og þekki nöfnin á þeim.<br>• Þekki helstu smíðaefni sem þau nota | Leiðsagnarmat, nemendur fá endurgjöf og leiðsögn meðan unnið er. Mat á eigin verkum. |
| **Samskipti/samvinna** | | **Nemandi getur ...**<br>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi. | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | • Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.<br>• Sýnt nokkuð örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. | |

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is.

**Námsmat**

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Katrín Lea Hjálmarsdóttir